



Reykjavík, 24. október 2023

Mál nr. 240/2023

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum í þágu barna (samþætting þjónustu o.fl.).

Umsögn Skólamálanefndar Félags framhaldsskólakennara

Skólamálanefnd Félags framhaldsskólakennara hefur kynnt sér frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum í þágu barna (samþætting þjónustu o.fl.).

33. grein

Í 33. grein kemur fram að „starfsfólki framhaldsskóla ber að stuðla markvisst að velferð og farsæld allra nemenda. Starfsfólk skal fylgjast með, taka eftir og greina vísbendingar um að þörfum nemanda, undir 18 ára aldri, sé ekki mætt með fullnægjandi hætti og bregðast við þeim á skilvirkan hátt. Starfsfólki framhaldsskóla ber að taka þátt í samstarfi í samræmi við ákvæði laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, þ.m.t. eftir atvikum að taka sæti í stuðningsteymi“.

Skólamálanefnd FF vill áréttta það sem kemur fram hér neðar og í öðrum umsögnum frá Kennarasambandinu að lagaumgjörðin um skólaþjónustu sem hér er unnið að er of óljós um það hverjir skuli vinna hvaða verkefni. Nefndin vill í því samhengi benda sérstaklega á að öll skólaþjónusta á að miða að því að nemendur njóti kennslu og umsjónar við hæfi í daglegu skólastarfi, því er alger nauðsyn á því að þáttur í innleiðingu umgjarðar um skólaþjónustu verði sérstaklega hugað að bæði starfi umsjónarkennara og auknu álagi á almenna kennara við kennslustörf.

34. grein

Skólamálanefnd fagnar því að nemendur fái sæti við borðið og þeim gefist færi á að láta í sér heyra hvað menntun þeirra varðar. Þetta er mikilvægur liður í að gera nám á framhaldsskólastigi meira aðlaðandi.

37. grein

Í 37. grein stendur að „fylgjast skal með velferð og farsæld nemenda og meta þörf fyrir þjónustu í því skyni að tryggja þeim viðeigandi stuðning, kennslu og námsaðstoð við hæfi“. Það er spurning hvort þessi grein eigi einungis við tengiliði skóla eða starfsfólk almennt. Nefndin er á þeirri skoðun að hér er þörf fyrir að skýra betur frá því hver beri ábyrgðina til að tryggja farsæld barna og ítrekar þátt umsjónarkennara og almennra kennara sem vikið var að hér ofar.

Greinagerð frumvarpsins

Í greinagerð frumvarps til laga stendur að „í fimmta lagi eru lagðar til breytingar sem miða að því að skýra hlutverk tengiliða, málstjóra og stuðningsteyma. Með lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, nr. [86/2021](#), er lögð ákveðin skylda á tengiliði og málstjóra þjónustu í þágu farsældar barna, þ.m.t. til að veita foreldrum og börnum leiðsögn um þjónustu sem er í boði, aðstoð við að fá aðgang að tiltekinni þjónustu og upplýsingar um skipulag hennar“. Hér telur nefndin það vera óljóst hver á að taka þessi verkefni að sér. Ef náms- og starfsráðgjafar eiga að gera það er það ljóst að fjölga þarf náms- og starfsráðgjöfum í framhaldsskólum landsins. Nefndin er þeirrar skoðunar að það sé ekki raunsætt að náms- og starfsráðgjafar sem eru nú þegar störfum hlaðnir taki þetta hlutverk að sér líka.

Einnig kemur fram í 33. grein að „Nemendur framhaldsskóla eru á mismunandi aldri og sumir þeirra komnir yfir 18 ára aldur. Líta þarf til þess að ákvæði laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna á við börn undir 18 ára aldri og því er aðeins unnt að tengja þær sérstöku skyldur við nemendur sem ekki hafa náð 18 ára aldri. Það dregur þó ekki úr mikilvægi þess að starfsfólk fylgist með og stuðli markvisst að velferð og farsæld allra nemenda líkt og fyrri hluti ákvæðisins kveður á um“. Hér telur nefndin að það ætti einnig að leggja áherslu á snemmtækan stuðning við nemendur yfir 18 ára aldri, enda eigi þeir álíka rétt á þjónustu. Eitt af meginhlutverkum framhaldsskóla er m.a. að halda utan um alla nemendur óháð aldri.

Nefndin er á þeirri skoðun að það sé jákvæð þróun að framhaldsskólalögin vísi nú í skilgreiningar farsældarlaganna.

F.h. skólamálanefndar Félags framhaldsskólakennara

Simon Cramer Larsen formaður skólamálanefndar

